

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vegagerðin Reyðarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	21.6.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Vegagerðin	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Borgartúni 5 - 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680269-2899	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Ari B Guðmundsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Davíð Þór Sigfússon	Staðsetning	N65°01'524 V14°12'563

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fundust ekki frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð við bikstöðina. □

Rekstraraðili hefur fengið undanþágu frá ráðuneyti umhverfis- og auðlindamála um olíuhelt áfyllingaplan með niðurfalli í lágsta punkti tengt olíuskilju. Undanþágan rennur út 1. janúar 2019.

UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

- Kröfur í starfsleyfi og staða frávik frá síðasta eftirliti.
- Ný reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 884/2017
- Skoðun á mengunarvörnum stöðvarinnar.

Sest var niður á fundi með Ara B. Guðmundssyni og Davíð Þór Sigfússyni, starfsmönnum Vegagerðarinnar á Reyðarfirði og farið yfir kröfur í starfsleyfi. Í eftirliti ársins 2016 komu fram tvö frávik.

1. Áfyllingaplan fyrir flutningabíla er innan þróar og ekki olíuhelt með niðurfalli í lágsta punkti. Rekstraraðili sótti um undanþágu ráðuneytisins frá þessu ákvæði og var undanþágan samþykkt og gildir til 1. janúar 2019, en að þeim tíma verður krafan um olíuhelt áfyllingaplan með niðurfalli í lágsta punkti aftur virk nema rekstraraðili hafi fengið starfsleyfi sínu breytt að þessu leiti og hefur Vegagerðin boðað að sótt verði um breytingu á starfsleyfi stöðvarinnar.

Undanþága ráðuneytisins kveður á um að á þeim tíma sem undanþága gildir skuli rekstraraðili gera undirbúningsráðstafanir til að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði starfsleyfisins, m.a. koma tímanlega fram með fullnægjandi umsókn um breytingu á starfsleyfi sínu verði það ákveðið hjá stjórnendum Vegagerðarinnar.

2. Þykktarmæling á geymum skal fara fram á 10 áraf fresti og þrýstiprófun á löndunarlögn á 5 ára fresti. Ólokið var að mælingum á tveimur geymum og löndunarlögn.

Nú hafa allar mælingar borist og því hægt að loka frávikinu.

Áætlanir og skýrslur sem rekstraraðili skal hafa í stöðinni liggja allar fyrir. Dagbók er í stöðinni. Stöðin er nettengd og skráningar eru framkvæmdar rafrænt í gagnagrunn Vegagerðarinnar (rekstrarhandbók sbr. starfsleyfi). Þjálfun starfsmanna er skráð og verklagsreglum um löndun biks er fylgt. Mengunaróhapp hefur ekki orðið á síðasta ári en viðbragðsáætlun og köllunarskrá liggur fyrir verði óhapp. Bikstöðin er með ábyrgðartryggingu til samræmis við ákvæði í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Með nýrri reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 884/2017 eru bikgeymar undanþegnir kröfum um botnþykktarmælingar en aðrar kröfur breytast lítið. Hér er vísað til reglugerðarinnar sjálfar um nákvæman texta. Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur og rekstraraðili hvattur til að hafa markmiðin mælanleg.

Gengið var um athafnasvæði bikstöðvarinnar. Áfylling flutningabifreiða fer fram á malarplani við hlið bikgeymisins. Mölinni er skipt út eftir þörfum og sérstaklega ef asfalt (bik) lekur niður. Allmikið af bömbum undan IMPACT 800 og WETFIX N er geymt í þrónni sem geymarnir standa í. Efnið er merkt „Class 8“ eða tærandi og þarf að hafa í huga að varasamt getur verið að geyma eldfim efni og tærandi efni nálægt hvoru öðru. Eldur getur kviknað ef efnin ná að hverfast saman.

ATHUGASEMDIR

Engar ábendingar um úrbætur voru gerðar.


ANNÆÐ

Lýsi og viðlöðunarefni fyrir bik m.a. Impact 8000 og Wetfix N eru geymd í mengunarvarnarþró rekstraraðila. Lýsi hefur svipaða eiginleika og olía ef það sleppur út í frárennsli stöðvarinnar og viðlöðunarefnin eru merkt „marine pollutant“. Mikilvægt er að loki í þrónni sé alltaf lokaður nema þegar rigningarvatni er hleyft niður í gegnum olíuskiljuna.

Sækja þarf um breytingu á starfsleyfi óski rekstraraðili eftir því að Umhverfisstofnun taki til athugunar að breyta kröfum um olíuhelt áfyllingarplan með niðurfali í lágsta punkti.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.07.2018



Gottskálk Friðgeirsson